

Bæjarstjórn og Bæjarstjóri Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	19.09.2016
Málalýkill	09.34
Mál nr.	1512197

Garðabæ 15. september 2016

Þann 15. desember 2015 afhentum við undirritaðir Gunnari Einarssyni bæjarstjóra bréf stílað á bæjarstjórn og bæjarstjóra þar sem við mótmælum harðlega fyrirhugaðri lokun Álfanesvegur við Herjólfstraup. Bréfinu fylgdi undirskriftarlisti 73 íbúa (98% íbúa) Hleinanna sem fannst illa að sér vegið sem íbúum Garðabæjar að útiloka okkur frá að nota „stofnbraut“ okkar.

Eftir að nýji Álfanesvegurinn var tekinn í notkun hafa farið fram umferðatalningar og hljóðmælingar á þeim kafla sem til stendur að loka og réttlæta niðurstöður ekki lokun vegarins. Við fengum níu mánaða hvíld frá þessu leiðinda máli sem vofði þó yfir.

Nú er auglýst nýtt deiliskipulag þar sem kylfa á að ráða kasti og okkur ætlað að róa á önnur mið. Hætt er við að hugur okkar til bæjarstjórnar muni hljóta hnekki hjá þeim er notað hafa þessa stofnbraut að staðaldri, jafnvel í áráðir (áratugi).

Til stendur að bæta stórlega við byggingarmagni umhverfis Hrafnistu. Þýður íbúum þeirra húsa sömu örlög og okkar að þurfa að aka „Krisuvíkurleiðina“ út úr sínu sveitarfélagi að óþörfu?

Getur verið að borgarstjórnarvísun hafi hreiðrað um sig í okkar góða samfélagi? En hann virkar á þann veg að þeir sýktu fara að hata út í bifreiðar en sjá fyrir sér draumalandið þar sem allir ferðast á reiðhjólum á þartil gerðum stígum. Er þessi aðgerð í anda ýmissa fyrimanna sem stíga í pontu við hátíðleg tækifæri og lofa okkur áhyggjulausu ævkvöldi?

Við viljum með bréfi þessu ítreka hug okkar til fyrirhugaðrar lokunar og látum fylgja með afrit af bréfi okkar frá 15. desember 2015 og undirskriftarlistum.

Með vinsemið,

Gunnar H. Jónsson
Naustahleyn 8

Gunnar H. Jónsson

Þórður M. Adólfsson
Boðahleyn 19

Þórður M. Adólfsson